

10. enska 2025 - 2026

Lýsing

Lokaáfangi í ensku, haust- og vorönn. Áhersla á talað mál, uppbyggingu orðaforða, lestri rauntexa sem og bóka, ritun af ýmsu tagi og málfræði.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir eru fjórar á viku. Að meðaltali er töluð enska í 60% tímans.

Nemendur vinna töluvert í hópum, m.a. með orðaforða, í þemavinnu og umræðum;

Nemendur lesa a.m.k. eina skáldsögu á vetrinum og vinna fjölbreytt verkefni útfrá henni.

Námsaðlögun

Allir nemendur hafa aðgang að:

- upplestrarforritum á ensku og íslensku;
- forriti sem gerir nemendum kleift að glósa í texta, teikna inná, fá lesið upp oþh.
- Appinu Quizlet sem heldur utan um orðaforðanám, en þar er hægt að hlusta á orðin.

Námsmat

Ýmsar leiðir að mati eru notaðar, s.s.

- hefðbundnar þekkingarkannanir á orðaforða og málfræði
- jafningjamat á nemendaverkefnum, sérstaklega hópverkefnum
- sjálfsmat á verkefnum
- leiðsagnarmat á m.a. ritunum og öðrum verkefnum,

VS Enska 10. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn.
- Þjálfist í að draga ályktanir, lesa á milli línanna, giska á orð út frá samhengi og átta sig á uppbyggingu texta.
- geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi.
- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Geti fært einföld rök fyrir máli sínu.
- Tileinki sér þá orðaforða sem fylgja viðfangsefnum.

VS Enska 10. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum og brugðist við - sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur og myndað sér skoðanir á efni þeirra.

VS Enska 10. bekkur - Samskipti

- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

VS Enska 10. bekkur - Frásögn

- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS Enska 10. bekkur - Ritun

- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
- Geti skrifað af lipurð og öryggi lengri samfelldan texta s.s. ritgerðir, sögur, endursögn, fréttir, gagnrýni og viðtöl.
- Kunni að nota sér upplýsingatækni við námið og helstu hjálpargögn, s.s. leiðréttingarforrit, orðabækur og málnotkunarbækur.

VS Enska 10. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.